



Sýning Ásgerðar Búadóttur, sem haldin er í vinnustofu frúarinnar að Karfavogi 22, lýkur næstkomandi þriðjudagskvöld. Sýningin hefur verið vel sótt og hafa þegar fjögur af þrettán teppum selzt. — Meðfylgjandi mynd er af listakonunni fyrir framan eitt teppið.

Ljós. Mbl.: Ól.K.M.

Fáein orð um alvarlegt mál

Í GREIN í Mbl. 26/10 þ.á. ræðir vinur minn sr. Sigurður Pálsson ýmis viðhorf manna og mál-gagna til deyfilyfja, eiturlyfja og örvunarlyfja. Telur hann að greinar eftir undirritaðan fyrir nokkrum árum hafi gert nokkurt gagn, og á þá senni lega við grein í Mb. 20.5. 1959. Ýmsir læknar viku að þessari grein í umræðum við mig — og allir af vinsemd — einn hafði þó gefið í skyn að ég bæri lækunum of vel söguna!

Mín vegna má gjarna prenta greinina aftur, en ég ætla að hætta á að bera læknum vel söguna einu sinni enn og mæla með ritgerð eftir Esra Pétursson lækni, í Almanaki Þjóðvinafélagsins. 1960. Þessa grein ættu allir að lesa, er ábyrgð bera á „almenningss heillum“, svo notuð séu orð Jóns Sigurðssonar.

Kostir ritgerðar Esra læknis eru að mínum dómi eftirfarandi:

1) Greint er frá ástandinu í Bretlandi og Bandaríkjunum og orsökum fyrir því að dyfilyfjavandamálið er orðið svo erfitt vestan hafs. Er þar fróð leik að finna handa löggjöfum vorum.

2) Ritgerðin geymir opinbera skýrslu um ástandið hérlandis fyrir hluta ársins 1956 (bls 41). Fer því ekki á milli mála hvernig málín stóðu hér á landi á þeim tíma. Læknirinn segir: „Ástandið hér er því slæmt og þyrfti að lagfæra, þótt segja mætti að það gæti verið verra.“ Mótæmi gegn þeirri skoðun hef ég hvernig séð. Væri fróðlegt að sjá hvernig hliðstæð skýrsla lítur út nú.

3) Fram kemur að hinn mikli mismunur á Bretum og Bandaríkjamönnum í þessari grein á að verulegu rætur að rekja til afstöðu löggjafanna til vandamála á tileknum tíma. Bretar tóku miklu meira tillit til álíts læknanna, einkum Dr. Towns, sem var brautryðjandi í eiturlyfjavörðum, en Bandaríkjamenn gerðu. „Sá hryggilegi atburður gerðist við þessa lagasetningu, að ákvæði Towns um lækningu og meðferð nautnalyfjaneytenda voru felld

niður áður en lögin voru endanlega samþykkt“ (bls. 34). Það skaðar ekki að endurprenta það sem ég hef skrifað um málið, en fram hjá ritgerð Esra læknis má alls ekki ganga.

Á sl. árum og mánuðum hefir komið fram í heiminum nýtt vandamál sem veldur bæði læknum og öðrum þjóðfélags-velferðarmönnum verulegum vandræðum, en það eru skefjalausar kröfur frá almenningi um meiri og fleiri lyf. Kunnugt er um konu eina erlendis, sem tók þrjátíu og sjö tegundir af töflum og pillum samtímis — og hafði fengið þær frá ýmsum læknum, sem ekki vissu hver af öðrum og sumum lyfjunum hafði hún náð með öðrum aðferðum. Nú voru margar af þessum töflum samsett, svo tala þeirra efna, er konan tók, var miklu hærri en 37. — Það er ósennilegt að þessi lyf hafi verkað saman eins og þægir bændur í samvinnufélagi enda varð konan að leita læknis vegna þessarar misheppnuðu samvinnu lyfjanna. Með því að blekkja lækna getur almenníngur eignast morðingja í meðalaskápnun — og stofnað til vanskapnaðar á þeim börnum, sem fæðast.

Eins og listiðnaður ógnar listunum með því að ganga í skrokk á klassískum listaverkum — vinna leikrit út úr sögum, eins og menn brjóta grjótt í námu og spila tónlist á svipaðan hátt, þannig er meðalíðnaðurinn að ógna hinna eiginlegu læknislist og stefna nönnum út í nýja gerð af kukli, án rannsókna.

★ ★ ★

Erlendir sérfræðingar í eyrna lækningum hafa sent frá sér skýrslur, sem gefa til kynna sívaxandi spillingu heyrnarinnar. Hávaðinn, skvaldrið og skróltið lamar heyrnina og gerir menn ruglaða áður en þeir vita af. Noise can drive you crazy — segir í Science Digest. Hávaði getur gert menn brjálaða. Menn finna þó til áður en svo langt er komið og gripa til róandi lyfja.

Nú kunna að vera ýmsar skynsamlegar orsakir fyrir því að menn þurfi á deyfilyfjum að

Vísindamenn leita uppi leyndardóma hellanna

Eftir LYNN POOLE

The John Hopkins University MOLDVÖRPUM er það eiginlegt að lifa neðanjarðar. Það er mönnum hinsvegar ekki. Engu að síður vinna sífellt fleiri menn niðri í niðamyrkri hella um allan heim stundum talsvert lengi í senn. Þetta eru hellalíffræðingar vísindamenn í nýrri sérgrein sem fjallar um verur niðri í hellum jarðar. Heitir fræðigrein þessi á fræðimáli biospeleolagi. Djúpt í iðrum jarðar stunda þessir hellalíffræðingar nákvæmar rannsóknir á hinum undarlegu og nýstárlegu lífverum sem þarna finnast.

Til að geta orðið góður hellalíffræðingur verður vísindamaðurinn fyrst að temja sér hæfni í að komast leiðar sinnar í iðrum jarðar, jafnt í grjótturðum sem vatnsflaumum. Þessir nýju vísindamenn hafa lært mikið af hellakönnuðum en enn er margt á huldu, og er það hlutverk þeirra að grafa fyrir um það.

Þegar þeir eru farnir að venjast verunni neðan jarðar og geta orðið unnið þar átaka-laust komá þeir sér upp sérstökum rannsóknastofum neðanjarðar til að fylgjast með lífverum í hellunum sem oft eru mjög óvenjulegar og allt annað en árennilegar. Áður fyrr tóku vísindamennirnir allar hellalífverur og fóru með þær til rannsóknar á rannsóknastofum ofanjarðar en það gaf alls ekki góða raun. Það er erfitt næstum ógerningur að búa til nákvæmlega

þá birtu hitastig raka og annað, sem helladýrin búa við. Þessvegna afreðu hellalíffræðingarnir að flytjast niður í jörðina, reisa þar rannsóknastofur og rannsaka þannig dýrin í eðlilegu umhverfi við eðlileg skilyrði.

Þarna niðri í hellunum safna vísindamennirnir flóm og flugum, mýflugum og pöddum. Rækjum og kóngurlóm ásamt mörgum öðrum gamalkunnnum dýrum. En athyglisverðastar eru þó rannsóknir þeirra á hinum óvenjulegu hellaskepnum.

Eitt slíkra dýra er hið furðulega láds- og lagardýr *Proteus anguinus*, sem fyrst fannst í Magdalens-hvelfingunni í Postumia-hellinum í Júgóslavíu, stærsta helli í Evrópu. Göng og hvelfingar Postumia-hellisins ná yfir fjórtán mílna svæði. Þessi skepna er þrjú ár að ná eðlilegri stærð og verður hún u.p.b. eitt fet á lengd. Fyrst í stað er *Proteus* með agnarsmá augu, sem fljótt hyljast skinni. Þegar dýrið fer að eldast, þykkar skinnið, og dýrið missir sjónina gjörsamlega. Það hefur enga þörf fyrir sjónina, þar sem það lifir í niðamyrkri. Fullvaxinn *Proteus* er með langan hala, fjórar fætur og tær. Hann lifir á smádyrum og virðist hafa af ar næmt snerti-lyktar- og heyrnarskyn. Þetta gerir dýrinu kleift að lifa þarna góðu lífi og þrífast vel niðri í kolniðamyrkri hellanna.

Hellalíffræðingar segja okkur að í eðlilegu umhverfi sé *Proteus* hvítur með veikrauð tálkn. Þegar farið er með hann upp í dagsbirtuna verður hann svartur. Hvaða efna skipti eiga sér stað? Þetta er aðeins ein af spurningum þeim, sem hellalíffræðingar eru að reyna að svara niðri í neðanjarðarrannsóknastofum sínum.

Fyrir nokkrum árum voru hellalíffræðingar að rannsaka vissa leðurblökutegund, sem helst við í hellum og tóku rannsóknir þeirra marga mánudí. Meðal annars rannsókuðu þeir mataræði leðurblökunnar. Vísindamennirnir komust að því að leðurblakan átt aðeins eina skordýrategund og þurftu því talsvert magn af þessum skordýrum. Þetta skorðýr var svört fluga.

Í vissum sveitahéruðum í Evrópu var þessi svarta fluga mikil plága sem bændur hötuðu því að hún lagðist á uppskeru þeirra. Í tilraunaskyni veiddu hellalíffræðingarnir talsvert margar leðurblökur fóru með þær þangað sem þær gerðu hvað mestan óskunda og slepptu þeim laus um að næturþeli. Árangur? Eins og við var að búast, leðurblöknar lifðu góðu lífi á flugunum, og bændurnir uppskaru ríkulega.

Nú er sífellt verið að reisa fleiri rannsóknastofur neðanjarðar víða um heim, og þar fæst skorið úr ýmsu forvitnilegu fyrir vísindamennina: og um leið í þágu alls mannkyns.

Gatnagerðargjöld radd í borgarstjórn

Á FUNDI borgarstjórnar s.l. fimmtudag, komu gatnagerðargjöld nokkuð til umræðu. Til efnið var tillaga, er Hörður Helgason (F) flutti þess efnis, að heimilað yrði að greiða gatnagerðargjöld af iðnaðarlöðum á fimmm árum.

Geir Hallgrímsson, borgarstjóri, rifjaði í þessu sambandi upp ástæður þær, er legið hefðu að baki álagningu gatnagerðargjalds í upphafi. Gjaldið hefði verið sett, til að borgarsjóður hefði yfir meiri fjármunum að ráða en ella til að útbúa og gera lóðir byggingarhæfar. Hefði gatnagerðargjald verið miðað við kostnað við gerð malargötu og frágang holræsa.

Þá hefði gatnagerðargjald og reynzt nokkur trygging fyrir því, að þeir, sem lóðirnar fengu nýttu þær samilega, en því miður hefðu verið of mikil brögð að því áður, að lóðir væru ekki nýttar nema að litlu leyti.

Nú væru liðin þrjú ár síðan gatnagerðargjaldið hefði verið lagt á og því væri ekki óhugsandi nú að endurskoða reglurnar um álagningu þess miðað við þá reynslu, sem þegar væri komin. Hins vegar væri varhugavert án nánari athugunar að taka út úr einn flokk lóða og setja um hann sérreglur.

Iðnaðurinn væri að vísu alls góðs maklegur, sagði borgarstjóri,

en til greina kemur að fara fleiri leiðir til að létta undir með þeirri atvinnugrein en gert er ráð fyrir í framkominni tillögu.

Í sama streng tóku Guðmundur Vigfússon (K) og Óskar Hallgrímsson (A).

Tillaga borgarstjóra um að vísa málinu til borgarráðs til athugunar í sambandi við meðferð fjárhagsáætlunar og ákvörðunar gatnagerðargjalds í því sambandi var samþykkt með 13 atkvæðum gegn 2.

Vetrargarðinum lokað um áramót

HEILBRIGÐISNEFND Reykjavíkurborgar hefur synjað umsókn eiganda Vetrargarðsins við Njardargötu um framlengingu í starfræksluleyfi staðarins um eitt ár. Staðfesti borgarstjórn þessa samþykkt á fundi sínum í gær.

Samkvæmt samþykkt heilbrigðisnefndar mun því starfsemi Vetrargarðsins endanlega lögð niður um nk. áramót, en bráðabirgðaleyfi var veitt til starfrækslunnar til þess tíma, eða nú um tveggja mánaða skeið.

Jóhann Hannesson.

SUS

Framhald af bls. 8. og maður verður. Jú að minnst þess, að enn er Berlín sá suðupottur, sem getur reynzt hættulegur heimsfriðnum, en Krúseff ætti þó núna að vita betur en áður hvað hann má leyfa sér og hvað hann má ekki leyfa sér.

— B.I.G.